



Dalabyggð

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar 2023-2026

Greinargerð

15. desember 2022
Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Helstu niðurstöður í tillögu að fjárhagsáætlun 2023	3
A- og B hluti sveitarsjóðs	3
00 Skatttekjur	3
02 Félagsþjónusta	3
03 Heilbrigðismál	3
04 Fræðslu- og uppeldismál	3
05 Menningarmál	4
06 Æskulýðs- og íþróttamál	4
07 Brunamál og almannavarnir	4
08 Hreinlætismál	4
09 Skipulags- og byggingarmál	5
10 Umferðar- og samgöngumál	5
11 Umhverfismál	5
13 Atvinnumál	5
20 Framlög til B-hluta fyrirtækja	6
21 Sameiginlegur kostnaður	6
22 Lífeyrisskuldbindingar	6
28 Fjármagnsliðir	6
31 Eignasjóður	6
43 Vatnsveita	6
53 Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún	7
57 Leiguíbúðir	7
61 Fráveita	7
65 Dalaveitur ehf	7
Dalagisting	7
Byggðasamlag Dala, Reykhóla og Strandabyggðar um brunavarnir	7
Fjárfestingar	8
Skuldir og fjárhagstaða	9
Árin 2024-2026	9
Annað	9
Fréttatilkynning	10

Inngangur

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árin 2023-2026 kom til fyrri umræðu á fundi sveitarstjórnar 10. nóvember síðastliðinn. Að loknum kosningum til sveitarstjórnar s.l. vor var skipað að nýju í ráð og nefndir og hófst vinna að undirbúningi fjárhagsáætlunar í ágúst s.l. Í framhaldinu ræddu allar nefndir fjárhagsáætlun og áherslur sínar á fundum sínum.

Alls fjallaði byggðarráð um áætlunina á átta fundum, þar af tvisvar milli umræðna. Einnig var fjárhagsáætlunin rædd í öllum nefndum. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 á sveitarstjórn að fjalla um fjárhagsáætlun í tveimur umræðum og skal sú fyrri fara fram eigi síðar en 1. nóvember og hin síðari ekki síðar en 15. desember og varð sú dagsetning fyrir valinu nú.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 inniber bindandi fjárheimildir fyrir rekstur sveitarfélagsins það ár en 2024-2026 er áætlun fyrir þau ár.

Launakostnaður er áætlaður út frá fjölda stöðugilda og launasetningu. Áætlanir um tekjur byggja á upplýsingum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, áætlunum og viðmiðunum Sambands íslenskra sveitarfélaga, upplýsinga frá Þjóðskrá um fasteignamat og þjóðhagsspá.

Eins og ávallt er ákveðin óvissa í áætluninni, m.a. nú vegna þess að flestir samningar starfsmanna sveitarfélaga gilda til 31. mars 2023 og ekki er búið að semja um nýja kjarasamninga. Einnig er mikil óvissa í þróun vaxta og verðbólgu og veldur sú staða einnig óvissu. Þó svo að áætlunin núna sé í jafnvægi og með afgangi þá er óvissan þannig að gera má ráð fyrir að breyta þurfi henni með viðaukum á næsta ári í einhverjum tilvikum og mikilvægt að starfsmenn Dalabyggðar og kjörnir fulltrúar haldi vöku sinni þannig að reksturinn verði í jafnvægi á árinu 2023 líkt og undanfarin ár.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skulu fjármál sveitarfélaga vera í samræmi við annars vegar svonefnda jafnvægisreglu (heildarútgjöld á þriggja ára tímabili mega ekki vera hærra en reglulegar tekjur á sama tímabili) og hins vegar skuldareglu (skuldaviðmið má ekki vera hærra en 150%). Fjárhagsáætlun Dalabyggðar stenst þessar reglur.

Á fundi sínum 25. nóvember sl. lagði byggðarráð til við sveitarstjóra að álagningarhlutfall útsvars verði 14,52%, sem er óbreytt frá yfirstandandi ári. Álagningarhlutfall fasteignaskatts er einnig óbreytt milli ára en fasteignamat í Dalabyggð hefur hækkað að meðaltali um 9,3% Hlutfall vegna lóðagjalda er óbreytt en hins vegar lækkar lóðarmat og þ.a.l. gjöld vegna þeirra, Álagningarhlutfall vegna holræsagjalds og vatnsgjalds er óbreytt frá því sem nú er. Hækkanir á gjaldskrár eru breytilegar eftir málaflokkum. Gert er ráð fyrir að dvalargjald fyrir elsta hóp í leikskóla (skólahóp) falli niður frá næstu áramótum

Fjárhagsáætlunin er lögð fram með þessari greinargerð og skjali sem í fundargögnum heitir „Fjárhagsáætlun 2023-2026 – seinni umræða.pdf“. Komi það upp að mismunur sé milli talna í því skjali og þessari greinargerð, þá eru það tölurnar í skjalinu sem gilda en ekki greinargerðin.

Að endingu vil ég þakka öllum þeim sem komið hafa að vinnunni með einum eða öðrum hætti. Starfsmenn Dalabyggðar hafa margir lagt vog á lóðarskálar líkt og kjörnir fulltrúar og nefndarmenn og er kærur þökkur komið hér á framfæri til allra þeirra sem lagt hafa hönd á plóg við vinnuna.

Helstu niðurstöður í tillögu að fjárhagsáætlun 2023

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta er jákvæð um 56,6 milljónir króna og rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 74,5 milljónir króna.
- Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 2,2 milljarður króna í árslok 2023, skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 1.259 milljónir króna og eigið fé um 891 milljónir króna.
- Áætlað veltufé frá rekstri A-hluta er um 102,7 milljónir króna eða 9,1% og samantekið fyrir A- og B-hluta 102,5 milljónir króna, eða um 7,5% af heildartekjum.
- Áætlaðar fjárfestingar samtals að fjárhæð 727 milljónir króna. Um er að ræða kostnað vegna Auðarskóla, Stjórnsýsluhúss, fráveitu, Silfurtúns, gatnagerðar, vatnsveitu Eiríksstaða og stærsti þátturinn er kostnaður vegna uppbyggingar íþróttamannvirkja auk minni verkefna vegna viðhalds eigna.

A- og B hluti sveitarsjóðs

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árið 2023 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2024-2026 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. A hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa sveitarfélagsins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu sveitarfélagsins og fjármagnaðar með þjónustutekjum, en þau eru: Dvalarheimilið Silfurtún, Fasteignafélagið Hvammur ehf., Félagslegar íbúðir, Fráveita, Dalagisting ehf., Dalaveitur ehf., Vatnsveita og byggðasamlag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar um brunavarnir. Byggðasamlagið er fært sem B-hluta stofnun hjá Dalabyggð þar sem sveitarfélagið greiðir yfir 50% af rekstrarkostnaði þess. Í umfjöllun hér á eftir er áætlun 2023 borin saman við útkomuspá 2022.

00 Skatttekjur

Gert er ráð fyrir að skatttekjur hækki um 8,0% milli ára og verði 495,3 milljónir kr. á árinu 2023. Skv. áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verða framlög til Dalabyggðar 332,8 milljónir króna en það er er hækking um 7,4% milli ára. Fasteignaskattur hækkar vegna hækkaðs fasteignamats. Í heildina hækka tekjur A hluta um 9,4% milli ára. Greidd staðgreiðslan hefur verið að hækka milli ára eða ríflega 14% fyrstu 11 mánuði þessa árs, ársins 2022, m.v. sama tíma ársins 2021.

02 Félagsþjónusta

Samningur við Borgarbyggð um félagsþjónustu, barnavernd og þjónustu vegna fatlaðra rennur út um áramótin 2022/2023. Það, ásamt því að breytingar eru á lögum um málefni barna og barnavernd, gerir það að verkum að málaflokkurinn hækkar um 16,6% milli ára. Ekki er frágengin samningur um hvernig félagsþjónustu og barnavernd verður háttað f.o.m. næstu áramótum en unnið er að því að koma þeim málum á hreint.

03 Heilbrigðismál

Heilbrigðismál standa nokkuð í stað, en þau felast í rekstrarframlagi og eftirlitsgjöldum til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

04 Fræðslu- og uppeldismál

Fræðslumál taka til sín um 51% skatttekna sveitarfélagsins eða 30% heildartekna A og B hluta. Málaflokkurinn hækkar um 4,8%. Stór hluti fjármagns til fræðslu- og uppeldismála fer í

launakostnað sem nemur 70% enda er Auðarskóli stærsti vinnustaður Dalabyggðar, með um 70% af stöðugildum hjá sveitarfélaginu, sem skiptist niður í grunnskóla-, leikskóla-, tónlistardeild og mötuneyti. Á árinu 2022 fækkaði leikskólabörnum og eru í lok árs 22 börn í leikskóla á 3 deildum, einnig hefur fækkað í grunnskóla og eru nemendur þar í lok árs 84 í 3 bekkjadeildum. Gert er ráð fyrir að dvalargjald fyrir elsta hóp (skólahóp) falli niður frá næstu áramótum, 2022/2023, en að öðru leiti hækka gjaldskrár um 5,4%.

05 Menningarmál

Málaflokkur menningarmála hækkar um 3,2% milli ára. Aukið var við framlag Safna- og menningarmálanefndar til ýmissa menningarstyrkja úr 200 þús.kr. í 1 millj.kr. Ákveðið hefur verið að hafa gjaldfrítt bókasafn frá áramótum 2022/2023. Á árinu 2022 var rekstur Árbliks komið yfir í hendur nýrra rekstraraðila. Gert er ráð fyrir sölu á Félagsheimilinu á Staðarfelli á árinu 2023. Húsnæðismál Byggðasafnsins er enn í óvissu líkt og undanfarin ár, safnið heldur þó núverandi húsnæði sínu út ársins 2024 eða þar til endanleg sala á Laugum fer fram. Gjaldskrá Héraðsbókasafns breytist eins og fyrr sagði en áfram verður þó innheimt sektargjald og eins gjald vegna millisafnalána.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Eftir breytingar á eignarhaldi og rekstri á Laugum lækkar málaflokkur Æskulýðs- og íþróttamála, enda fer út stærsti kostnaðarliður málaflokksins. Í þessum málaflokk er gert ráð fyrir að ráðinn verði inn starfsmaður í félagsmiðstöð í 30% starf. Í heildina er gert ráð fyrir að málaflokkurinn lækki um 30 millj.kr. eða sem nemur 54,8%.

Sveitarfélagið hefur undanfarin ár veitt tólmstundastyrki til barna- og unglinga með lögheimili í Dalabyggð og er gert ráð fyrir því framlagi áfram. Vinnuskóli hefur verið starfræktur fyrir unglinga 14-16 ára, 6 vikur yfir sumarmánuðina. Á haustmánuðum 2022 hófst frístundaakstur barna frá Búðardal að Laugum sem Dalabyggð styrkir, gert er ráð fyrir að þetta verkefni muni halda áfram í áætluninni eða þar til ný íþróttamiðstöð í Búðardal verður tekið í notkun.

07 Brunamál og almannavarnir

Gert er ráð fyrir að hækkun verði töluverð varðandi endurnýjun á minni tækjabúnaði fyrir slökkvistöð eða um 4,3 millj.kr. sem er um 26% aukning á fjármagni. Farið er eftir tillögu að framkvæmdaáætlun sem slökkviliðsstjóri lagði fram við undirbúning að gerð áætlunar til næstu ára. Til málaflokksins er gert ráð fyrir heildar hækkun um 30,7% sem er um kr. 9,5 millj.kr. hækkun. Dalabyggð, Strandabyggð og Reykhólahreppur reka í sameiningu byggðasamlag um brunavarnir. Heildarframlag Dalabyggðar til reksturs byggðasamlagsins um brunamál er 52% en skipting kostnaðar fer eftir fasteignamati og íbúafjölda hvers aðildarsveitarfélags hverju sinni. Bakvakt stjórnenda er til staðar alla daga utan dagvinnutíma. Hún er sameiginleg fyrir allt svæði byggðasamlagsins. Í áætluninni fyrir byggðasamlagið er gert ráð fyrir 5,8 millj.kr. hækkun eða um 22% Samkvæmt tillögu að framkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir að bygging nýrrar slökkvistöðvar hefjist árið 2026.

08 Hreinlætismál

Í áætlun ársins 2023 er gert ráð fyrir 30% hækkun á sorpgjöldum. Samkvæmt lögum um málaflokkinn eiga innheimt gjöld að standa undir kostnaði við hann. Breytingar á lögum um úrgangsmál taka gildi um áramótin 2022/2023. Dalabyggð er með í farvatninu undirbúning að því

að aðlaga umhverfi málaflokksins að nýjum reglum og mun sú innleiðing hefjast á fyrri hluta ársins 2023 og stefnt er að því að á haustmánuðum verði þjónustan komin í þann farveg sem reglugerð gerir ráð fyrir. Markmið Dalabyggðar, nú sem fyrr, er að hreint sorpmagn minnki og er aukin flokkun stór þáttur í því tilliti.

09 Skipulags- og byggingarmál

Dalabyggð, Strandabyggð, Reykhólahreppur, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi reka í sameiningu embætti skipulags- og byggingarfulltrúa og fer skipting kostnaðar eftir fasteignamati og íbúafjölda hvers aðildarsveitarfélags hverju sinni. Hlutur Dalabyggðar er hátt í 50% af heildar rekstrarkostnaði hvors embættis fyrir sig. Áætlun gerir ráð fyrir að kostnaður standi að mestu í stað, þ.e. fari ekki yfir áætlaðar launahækkanir. Vinna við aðalskipulagsvinnu er lokið og er aðalskipulagið nú afgreitt frá sveitarstjórn til Skipulagsstofnunar. Heildar hækkun til málaflokksins nú er rétt um 3,3% sem gerir rétt um 800 þús.kr. hækkun.

10 Umferðar- og samgöngumál

Stór hluti þess fjármagns sem fer til umferðar- og samgöngumála eru áætluð til snjómoksturs og til hálkuvagnar innan sveitarfélagsins og skiptir tíðarfar því miklu. Sveitarfélagið greiðir fyrir snjómokstur í Búðardal og einnig til svokallaðs „helmingamoksturs“ á móti Vegagerðinni í dreifbýli. Veturinn 2021/2022 var frekar erfiður og þurfti til að mynda að moka snjóskríðum sem féllu og jók það kostnað verulega. Á árinu 2023 er gert ráð að fjármagn til snjómoksturs verði álíka og árin 2020 og 2021. Áætlað fjármagn til málaflokksins lækkar því milli ára um 15,7%. Gert er ráð fyrir gatnagerðartekjum vegna fyrirhugaðra íbúðabygginga og nú þegar er hafin vinna við að LED væða götulýsingar í Búðardal og má búast við að kostnaður hvað þann þátt muni lækka samhliða bættri götulýsingu.

11 Umhverfismál

Áætlun til málaflokksins hækkar um 8,7% á milli ára. Samningar eru við 16 refa- minnka veiðimenn og er gert ráð fyrir 5,4% hækkun á gjaldskrá til þeirra. Frá árinu 2011 hefur verið úthlutað til sjálfböðavinnuverkefna sem aðalega hefur verið til fegrunar í sveitarfélaginu. Verkefnið gengur út á að umsækjendur sækja um tiltekna fjárhæð sem kemur á móti aðkeyptri vöru eða þjónustu tengt tilgreindu verkefni en umsækjandi leggur vinnuframlag sitt sem móttframlag. Gert er ráð fyrir fjármagni til þessa áfram þótt ekki hafi náðst að úthluta þessu framlagi síðustu ár. Útboð eða verðkönnun mun fara fram vegna garðsláttar á fyrstu mánuðum ársins 2023 en núverandi verktaki hefur sagt sig frá verkefninu.

13 Atvinnumál

Málaflokkur atvinnumála er sjöundi stærsti málaflokkur A-hluta þar sem gert er ráð fyrir að heildarframlag til málaflokksins verði um 24 millj.kr. Meðal þeirrar starfsemi sem tilheyrir þessum málaflokki er Nýsköpunarsetur sem komið var á fót á árinu 2022 og standa vonir til að það verkefni nái flugi á komandi ári eftir góðan undirbúning undanfarnar vikur og misseri.

Einnig standa vonir til að verkefnið DalaAuður skili góðum árangri hvað varðar uppbyggingu atvinnu- og menningarlífs á árinu 2023 og áfram eða meðan verkefnið, sem unnið er í samstarfi við Byggðarstofnun og SSV, verður við lýði.

20 Framlög til B-hluta fyrirtækja

Gert er ráð fyrir áframhaldandi framlögum til reksturs og stuðnings hjúkrunar- og dvalarheimilisins Silfurtúns sem er áætlað að þurfi 8,1 millj.kr. í stuðning á árinu 2023 til að standa undir rekstrinum. Áformað er að halda áfram að fylgjast mjög þétt með rekstri Silfurtúns þannig að hallarekstur sá sem hefur verið viðvarandi stöðvist sem allra fyrst. Horft er til þess að samþættingarverkefni, sem unnið verður að á fyrstu mánuðum ársins 2023 í samstarfi við HVE, skili árangri á víðum grunni, bæði rekstrarlega sem faglega.

21 Sameiginlegur kostnaður

Rekstur málaflokksins lækkar um 7,0% eða um 9,5 millj.kr. Það skýrist helst af því að á árinu 2022 urðu í kjölfar kosninga sveitastjórnaskipti og greiða þurfti t.a.m. biðlaun til fyrrverandi sveitarstjóra samkvæmt samkomulagi þar um. 58,2% rekstrarkostnaðar í málaflokknum er vegna reksturs skrifstofu en aðrir liðir eru t.d. fundarkostnaður sveitarstjórnar og byggðaráðs sem er áætlaður um 21,5% og kostnaður vegna endurskoðunar á reikningum Dalabyggðar er áætlaður um 7,4%

22 Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar sveitarfélagsins skiptast í tvo hluta. Annarsvegar eru skuldbindingar Dalabyggðar á lífeyrisgreiðslum vegna fyrrum starfsmanna sveitarfélagsins og hins vegar viðbótarlífeyrisskuldbinding v/Brúar. Hækkun á lífeyrisskuldbindingum hækkaði töluverð á árinu 2021 vegna breytinga á útreikningi á lífaldri einstaklinga, gert er ráð fyrir um 31% hækkun á milli ára í þessari fjárhagsáætlun sem hér um ræðir.

28 Fjármagnsliðir

Gert ráð fyrir að fjármagnsliðir hækki um 2 millj.kr. eða um 17,0%. Það sem tilheyrir þessum málaflokki er mismunur vegna annarsvegar fjármagnstekna (s.s. arðgreiðslna og inneignavaxta) og hins vegar fjármagnsgjalda (s.s. vaxtakostnaður langtímalána).

31 Eignasjóður

Í málaflokki Eignasjóðs má finna innri rekstur allra bygginga/eigna sveitarfélagsins ásamt viðhaldskostnaði. Tekjulækkun, á milli árunna 2022 og 2023, skýrist af breytingum á rekstri fasteigna á Laugum. Nýr kaupleigusamningur vegna eignanna að Laugum var gerður á árinu 2022. Rekstrarafkoma málaflokksins batnar um 3,3% á milli ára en gert er ráð fyrir auknum launakostnaði sem nemur um 27% milli ára. Gert er ráð fyrir sölu á félagsheimilinu Staðarfelli á árinu 2023 og kemur þá til söluhagnaður vegna þess og til viðbótar er stefnt að því að selja iðnaðar/útihús að Fjósum og einnig jörð í eignum Dalabyggðar. Helstu fjárfestingar og viðhaldsliðir sem áætlaðir eru á næstu árum eru tilgreindir hér aftar í þessari greinargerð.

43 Vatnsveita

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri Vatnsveitu Dalabyggðar á næsta ári en undan farin ár hafa komið upp bilanir í kerfinu og hefur verið reynt að bregðast hratt við þeim. Ljóst er að huga þarf að endurbótum á hluta kerfisins á næstu árum og verður hugað að endurbótaáætlun á komandi ári.

Verulegar fjárfestingar eru fyrirhugaðar vegna vatnsveitu á næstu árum í tenglum við nýjar iðnaðar- og íbúðarhúsaloðir Framkvæmdir við vatnsveitu á Laugum kláruðust að mestu á árinu 2022.

53 Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri og að Dalabyggð greiði um 8,1 millj.kr. með rekstrinum eins og fram kom fyrir í þessari greinargerð. Á Silfurtúni eru 2 dvalarrými og 10 hjúkrunarrými og eru áætlaðar heildargreiðslur frá Sjúkratryggingum Íslands til rekstrar heimilisins áætlaðar kr. 208,2 millj.kr. á árinu 2023. Áður er nefnt samþættingarverkefni sem fyrirhugað er með HVE varðandi þjónustu við aldraða í Dalabyggð, óvist er með áhrif þess á rekstur Silfurtúns. Silfurtún á og rekur 2 íbúðir fyrir aldraða sem leigðar eru út skv. úthlutunarreglum. Sá rekstur stendur ekki undir sér þar sem enn er verið að greiða niður lán sem tekin voru vegna byggingarinnar. Á árinu 2023 mun rekstri Silfurtúnseiningarinnar verða skiptar upp, annarsvegar sem hjúkrunarheimili og hins vegar sem húsnæði Silfurtúns þannig að rekstur hvorrar einingar verði gegnsærri en nú er.

57 Leiguíbúðir

Dalabyggð á þrjár leiguíbúðir og standa leigutekjur undir beinum rekstrarkostnaði en einungis hluta afskrifta og fjármagnsgjalda. Leiguverð er reiknað út frá fasteignarmati eignanna hverju sinni.

61 Fráveita

Stórar og fjárfrekar framkvæmdir eru áætlaðar á næstu árum við fráveituframkvæmdir s.s. með bygginu nýrrar hreinsistöðvar frá Búðardal og einnig við nýlagningu í nýjum iðnaðar- og íbúðarhúsaloðum. Sveitarfélagið hefur þó verið í töluverðum framkvæmdum s.l. ár vegna fráveitumála í Búðardal. Varðandi áætlanir næstu ára þá eru þær tíundaðar hér aftar í greinargerðinni þar sem farið er yfir áætlaðar fjárfestingar.

65 Dalaveitur ehf

Dalaveitur ehf hefur tekið yfir rekstur hitaveitunnar á Laugum en að öðru leiti er rekstur miðaður við lámaks viðhaldskostnað á ljósleiðarakerfið. Hjá Dalaveitum hefur, eins og raunin er hjá öðrum B-hluta deildum, aukist vaxtakostnaður vegna hækkunar á verðbótum síðasta árs. Að meðaltali eru um 195 notendur á ljósleiðarakerfinu sem skiptist í bæði einstaklingsnotendur og fjarskiptanotendur.

Dalagisting

Dalagisting er rekstrarfélag sem átt hefur og leigt út hótellhluta bygginganna á Laugum. Eignarhlutur Dalabyggðar í félaginu er 72,69%. Ekki er gert ráð fyrir eiginlegum rekstri hjá Dalagistingu á árinu 2023 nú eftir að Laugar hafa farið úr umsjá Dalabyggðar/Dalagistingar.

Byggðasamlag Dala, Reykhóla og Strandabyggðar um brunavarnir

Sjá umfjöllun um málaflokk 07.

Fjárfestingar

Gert er ráð fyrir eftirfarandi framkvæmdum á áætluninni sem gert er ráð fyrir að færist til eignar á efnahagsreikningi, allar upphæðir eru í milljónum króna:

	2023	2024	2025	2026
Grunnskóli/leikskóli	16.000	10.000	25.000	10.000
Leifsbúð	1.000	1.000		2.000
Eiríksstaðir	6.000	4.000	4.000	
Árblik	2.500	1.000	2.000	1.000
Tjarnalundur		1.000		2.000
Dalabúð	1.000	500	25.000	20.000
Dalabúð - áhöld			1.000	
Íþróttamiðstöð	600.000	350.000		
Slökkvistöð	1.000	1.000		192.500
Slökkvibúnaður	0	1.500	2.000	42.000
Gatnaframkvæmdir	14.000	5.000	10.000	20.000
Sorphúsnæði/áhöld	14.000	500	500	500
Fjárréttir	3.000		1.000	1.000
Tjaldsvæðið Búðardal	2.500	1.000	500	1.000
Stjórnsýsluhús	22.000	1.000	4.000	1.000
Áhaldshús	1.000	16.000		
Ný bifreið - áhaldahús	8.000			
Silfurtún - Viðhald fasteignar	5.000	15.000	5.000	6.000
Félagslegar íbúðir	3.000	3.000		
Fráveitukerfi	2.000	22.000	3.000	10.000
Dalaveitur - hitav. Laugum	8.000	1.000		
Vatnsveita	14.000	3.000	2.000	8.000
Götulýsing	3.000	1.000	1.000	1.000
Samtals	727.000	438.500	86.000	318.000

Heildar fjárfestingar árið 2023 eru áætlaðar 727 millj.kr. Hluti af fjárfestingarliðunum er áframhaldandi viðhald á fasteignum sveitarfélagsins en einnig áframhaldandi uppbygging á nýju fráveitukerfi og stærsta einstaki liðurinn eru áætluð uppbygging á íþróttamiðstöð í Búðardal. Einnig eru áætlaðar gatnaframkvæmdir, en samþykktar hefa verið og auglýstar lóðir á iðnaðarsvæðinu við Iðjubraut sem og íbúðarhúsalóðir við Lækjarhvam, Bakkahvam og Efstahvam. Samhliða gatnaframkvæmdum verður unnið að framkvæmdum vegna vatnsveitu- og við fráveitukerfi.

Skuldir og fjárhagstaða

Afborganir langtímalána eru áætlaðar 41,1 millj.kr. á árinu 2023. Skuldahlutfall verður um 91,2% af tekjum og hækkar vegna áforma um íþróttamannvirki. Framlegð er áætluð 9,3% og má í raun ekki vera lægri. Gert er ráð fyrir að handbært fé í árslok verði um 89,2 millj.kr. Vegna fyrirhugaðra framkvæmda við íþróttamiðstöð í Búðardal verða tekin ný lán og ekki er í áætlunum gert ráð fyrir sölu fasteigna á Laugum fyrr en á árinu 2025 sem er í samræmi við samkomulag þar um.

Árin 2024-2026

Á árunum 2024 og 2026 er gert ráð fyrir neikvæðri rekstrarafkomu Dalabyggðar sem einkennist að mestu vegna hækkunar á vaxtakostnaði en gert er ráð fyrir lántöku í tengslum við uppbyggingu á íþróttamannvirkjum í Búðardal eins og nefnt hefur verð., Vaxtakostnaður hækkar um 82% milli árana 2023 til 2024. Lántökur á árunum 2023-2026 eru áætlaðar 1.210 millj.kr., að mestum hluta vegna byggingar íþróttamannvirkja en einnig er gert ráð fyrir byggingu nýrrar Slökkvistöðvar árið 2026.

Niðurstaða sérfræðilíts, sem aflað var í samræmi við 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, er að fjárfestingin í íþróttamannvirkjum hafi ekki verulega íþyngjandi langtímaáhrif á rekstur og fjárhag sveitarfélagsins.

Annað

Á árinu 2023 er miðað við að unnið verði að eftirfarandi þó ekki séu settar beinar upphæðir vegna þess í áætlun:

- Fylgja eftir skráningu fasteigna og að matstig þeirra sé rétt
- Húsnæðismál Byggðasafns Dalamanna eru í óvissu. Vinna þarf að lausn á þeim vanda.
- Sala á hluta jarðarinnar Sælingsdalstungu er áformuð.
- Gert er ráð fyrir að Dalabyggð leggi til framlag til Bakkahvamms hses. til uppbyggingar íbúðarhúsnæða næstu tvö árin. Framlag ársins 2023 er áætlað 7 millj.kr. og árið 2024 er gert ráð fyrir 14 millj.kr. til þessa verkefnis.
- Núverandi langtímaskuldir A-sjóðs verða að miklu leiti greiddar upp árið 2024.

Fréttatilkynning

Gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu í Dalabyggð árið 2023

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árin 2023-2026 var lögð fram til síðari umræðu í sveitarstjórn og samþykkt einróma fimmtudaginn 15. desember.

Áætluð rekstrarniðurstaða samstæðunnar (A og B hluta) árið 2023 er jákvæð um 56,5 milljónir króna sem er talsverður viðsnúningur til hins betra frá yfirstandandi ári. Nýjasta útkomuspá gerir ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 12 milljónir króna á árinu 2022 þannig að hér er um töluverðan viðsnúning að ræða, heildarvelta Dalabyggðar er áætluð 1,357 milj.kr. á árinu 2023.

Líkt og áður fer stærstur hluti útgjalda sveitarfélagsins til fræðslu- og uppeldismála en 51% skatttekna Dalabyggðar renna til málaflokksins.

Útsvarsprósenta Dalabyggðar er óbreytt á milli ára, er og verður 14,52%.

Gjaldskrár í Dalabyggð hækka almennt um 5,4% á milli ára sem er töluvert undir því sem ríki og sveitarfélög eru að hækka sínar gjaldskrár. Því má segja að um sé að ræða raunlækkunar á gjaldskrár í nokkrum tilvikum. Til viðbótar samþykkti sveitarstjórn að fella niður vistunargjald í leikskóla hjá elsta árgangi í leikskóla hverju sinni, svokölluðum skólahóp. Þessar ráðstafanir sýna fjárhagslega burði Dalabyggðar sem og einbeittan vilja sveitarstjórnar til að skapa sem bestar búsetuaðstæður fyrir íbúa.

Áætlað er að skuldahlutfall sveitarfélagsins í árslok 2023 verði 91% og útlit er fyrir að núverandi langtímaskuldir Dalabyggðar verði upp greiddar að mestu á árinu 2024. Ný lántaka er engu að síður í farvatninu því vonir standa til að langþráðar framkvæmdir við íþróttamannvirki í Búðardal hefjist á árinu 2023 sem mun hafa í för með sér nýja lántöku. Áfram verður haldið með LED væðingu götulýsingar í Búðardal og gatnaframkvæmdir eru á dagskrá, bæði hvað varðar íbúðagötur og eins í iðnaðarhverfi. Endurbætur á skólahúsnæði sem og á stjórnarsýsluhúsi taka sinn skerf af framkvæmdafé og einnig er gert ráð fyrir áframhaldandi stofnframlögum til bygginga íbúða. Markmið sveitarstjórnar er að íbúum fjölgi á næstu árum því næg eru verkefni og mikilvægt að fá fleiri hendur til starfa og þátttöku í því blómlega samfélagi sem í Dalabyggð er.